



2018

ÁRSSKÝRSLA



ÁVARP FORMANNS	03
HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS	04
Hlutverk	04
Markmið	04
GILDI OG STEFNA SKÓLANS	05
Gildi	05
Stefna	06
Helstu mælistikur Tækniskólans	07
SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	08
Gæðakerfi	08
Öryggismál	08
Vinnustaðagreining	08
Kennslumat	08
STJÓRN SKÓLANS OG STJÓRNENDUR	09
Eigendur og stjórn	09
Stjórnendur	10
Skólastjórar	10
Húsnæðismál	11
SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	12
Kjarnaskóli	12
Tengls við atvinnulífið	12
Námið	13
Námskeið	13
BRAUTSKRÁNING	15
ÞJÓNUSTA	17
Námsráðgjöf	17
Sjálfræðiráðgjöf	18
Forvarnarfulltrúi	18
Félagsmálafulltrúi	18
Upplýsingamiðstöð	19
Alþjóðamál	19
FÉLAGSLÍF NEMENDA	20
Félagslífið	20
Fyrirkomulag og félög	20
Stjórn Nemendasambandsins	20
Viðburðir á árinu	21
MARKVERÐIR VIÐBURÐIR	22
STARFSMENN	24
Starfsmenn	24
Starfsmannafélag	24
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	25
Aldursdreifing	27
Brottfall	28
Dreifnám	29
Kynjaskipting	30
Afkoma ársins	34





ÁVARP FORMANNS

Áhugi ungs fólks á námi í Tækniskólanum fer vaxandi. Fjöldi góðra umsókna um nám á næsta skólaári ber þess glöggt vitni. Það er ákaflega ánægjulegt að vita til þess að ungt fólk sækist eftir iðn- og tækninámi þar sem saman fer sköpun og miðlun hagnýtrar þekkingar. Það er gleðilegt að nýjar kynslóðir vilji byrja snemma að taka þátt á verðmætasköpun í landinu og þroska sig í lifandi umhverfi fyrirtækja og atvinnulífs á Íslandi.

Þessi áhugi unga fólksins leggur mikla ábyrgð á herðar okkar sem erum í forsvari fyrir Tækniskólann því þessu ákalli verðum við að svara með því að bjóða upp á gott og fjölbreytt nám. Við þurfum að veita vaxandi kynslóðum trausta menntun sem nýtist þeim til að takast á við áskoranir framtíðar. Þar eigum við heilmikið verk að vinna. Á undanförunum árum og áratugum hefur verið mikil umræða um nám í iðn- og tæknigreinum. Skilningur hefur verið á mikilvægi þess og mikill vilji til að styðja og styrkja þennan þátt í menntun Íslendinga. En því miður hafa verkin ekki talað jafn hátt. Aðstæður sem í boði eru til náms í þessum greinum má bæta verulega.

Ný og framsækin skólabygging fyrir Tækniskólann á einum stað sem hefur sveigjanleika til að mæta námskröfum framtíðarinnar getur orðið stórt skref sem mun styrkja iðn- og tækninám í landinu. Það er von okkar sem í stjórn skólans sitjum að húsnæðismál skólans verði forgangsmál hjá yfirvöldum menntamála og forsvarsmönnum atvinnulífsins í landinu.

Að innra starfi skólans hefur verið hlúð og áhersla lögð á efla og bæta menntun og fá til starfa góða kennara sem hvetja nemendur til dáða. Stjórn skólans hefur leitað fyrirmýnda að bæði skipulagi starfs og húsnæðis hjá nágrannaþjóðum okkar og einnig í Hollandi en iðn- og tækninám þar byggir á gömlum merg en er í senn mjög nútímalegt og áhugavekjandi fyrir ungt fólk.

Ég vil þakka skólameistara, stjórnendum, kennurum, öðrum starfsmönnum og nemendum vel unnin störf á árinu og stjórn skólans samstarfið. Þessi hópur hefur sýnt í verki viljann til að efla verk- og tækniþekkingu á Íslandi og skapa þannig forsendur fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi sem veiti öllum íbúum landsins tækifæri til að lifa lífi hagsældar og menningar.

Guðmundur Kristjánsson, stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins

HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS

HLUTVERK

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008. Hlutverk Tækniskólans er að mennta nemendur með það að markmiði að nemendur skólans verði eftirsótt starfsfólk í atvinnulífinu. Einnig er það hlutverk skólans að búa þannig að nemendum að þeir verði virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi m.a. með því að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjáfstraust og umburðarlyndi.

Sérstaða Tækniskólans felst í nánum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt fólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, tölvu-, vélstjórnar, skipstjórnar- og sjávarútvegsgreinum til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Byrjaðu hjá okkur
og breyttu heiminum

GILDI OG STEFNA SKÓLANS

GILDI

Tækniskólinn hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi og rekstri skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé á grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu og starfshátta.

Gildi Tækniskólans eru eftirfarandi:

MENNTUN

Við leitumst við að veita nemendum okkar **fjölþætta menntun** sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni.

Við leggjum áherslu á að **virka sköpunarkraftinn** og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

VIRÐING

Við **mætum hverjum nemanda** þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum.

Við stuðlum að og virðum **jafnrétti, lýðræði og mannréttindi**.

Við berum **virðingu** fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður.

Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með **endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi**.

FAGMENNSKA

Við leggjum áherslu á **fagmennsku** á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf.

Við ástundum **fagleg vinnubrögð og hagsýni** í stjórn skólans og ákvarðanatöku.

Við **byggjum fagmennsku** okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

FRAMSÆKNI

Við erum fljót til **nýjunga, leitum tækifæra** og bjóðum nemendum **nýjar lausnir**.

Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir **vel menntað starfsfólk** og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta.

Við göngum á undan í **innleiðingu** nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

STEFNA

STEFNA Í KENNSLU OG NÁMI

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti, hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
- Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Áhersla er lögð á að nám verði verkefnastýrt.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

STEFNA Í ÞRÓUM NÁMSBRAUTA

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldsskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2018.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla.
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

STEFNA UM MANNAUD, ÁNÆGJU NEMENDA OG STARFSMANNA

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styðji skólafélögin og nemendasambandið.

STEFNA UM REKSTRUR, SKIPULAG OG HÚSNÆÐI

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.

HELSTU MÆLISTIKUR TÆKNISKÓLANS

Atriði til mælinga	Markmið mælinga	Mælistika	MÆLING										
			2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Kennsal og nám													
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	18,62%	16,53%	15,63%	15,56%	15,31%	15,05%	16,15%	15,70%	15,11%	14,03%	13,57%
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	71,28%	73,55%	75,44%	75,29%	75,44%	73,65%	72,87%	73,41%	72,95%	74,24%	75,35%
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	Nýtt	46%	47%	42%	35%	37%	22%	33%	19%	0%	0%
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	n/a	n/a	Nýtt	2012	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi
Mannauður													
Viðhorfskannanir - 1 könnun á ári víxl starfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Nem	Starfs.	Nem.	Nem.	Stm/nem	Nem.	Stm/nem	Nem.	Nem.	Stm/nem	Stm.
Heildarniðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,12	4,27	4,30	4,22	4,24	4,23	4,22	4,22	4,28	4,25	4,36
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	yfir 4	Skýrsla	n/a	n/a	Nýtt	4,17	4,28	4,22	4,21	4,21	4,21	4,17	4,25
Rekstur													
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	11,5%	13,3%	15,5%	15,00%	15,80%	14,70%	14,10%	12,60%	22,20%	22,00%	15,23%
Meðalnýting í kennsluhópum	yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	83,30%	86,85%	90,00%	101%	101%	95%	97%	94%	91%	95%	95%
Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum	Undir 90%	Fjárhagsyfirlit	74,50%	79,30%	75,90%	75,00%	73,50%	74,90%	76,80%	77,80%	72,90%	70,00%	73,82%

Aðrar stefur Tækniskólans eru að finna í gæðahandbók skólans á www.tskoli.is:

- Forvarnarstefna
- Heilsustefna
- Jafnréttisstefna
- Persónuverndarstefna
- Starfsmannastefna
- Stefna geng einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi
- Stefna í alþjóðamálum
- Umhverfisstefna
- Vefstefna
- Öryggis-, heilbrigðis og vinnuumhverfisstefna

SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

GÆÐAKERFI

Að kröfu IMO, International Maritime Organization sem Ísland er aðili að og lögum frá alþingi starfar skólinn samkvæmt vottuðu gæðakerfi sem nú tekur til allra námsgreina skólans. Gæðakerfið er vottað samkvæmt ISO 9001:2015 af Vottun hf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfinu. Einnig er kerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu IMO. Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins m.a. með innri úttekum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbótaverkefnum. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans. Gæðahandbók skólans heldur utan um stefnusköl og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans. Gæðaskjölin eru einnig gerð aðgengileg öllum á vefsíðu skólans www.tskoli.is.

ÖRYGGISMÁL

Tækniskólanum er umhugað um öryggi og heilsu nemenda og starfsmanna og hefur það að markmiði að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi þar sem virðing er borin fyrir einstaklingnum og starfi þeirra. Töluvert var unnið að öryggismálum á árinu og m.a. gefin út ný Öryggis, heilbrigðis- og vinnuumhverfisáætlun. Fjöldi öryggisúttekta voru framkvæmdur þar sem sérstök áhersla var lögð á kennsluvæði þar sem vélar og tæki eru hluti af náminu. Ákveðnir þættir skólastarfsins voru áhættumetnir með það fyrir augum að gera betur grein fyrir hvar áhættur leynast og framkvæma úrbætur til koma í veg fyrir slys eða atvik þar sem áhætta mælist. Ábendingarkerfi var tekið í notkun á árinu þar sem nemendur, starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar skólans geta skráð ábendingar

um það sem betur má fara í skólastarfinu. Í lok árs var einnig tekið í notkun sérstakt atvikaskráningakerfi þar sem öll atvik sem verða í skólastarfinu eru skráð, rýnd og sett í úrbótaferli með það að markmiði að koma í veg fyrir endurtekin atvik.

Skólanum er umhugað um að skila nemendum með sterka öryggisvitund út í atvinnulífið og vinnur markvisst að auknum öryggiskröfum í námi svo og með aukinni öryggisfræðslu bæði til nemenda og starfsmanna. Má nefna kynningu sem haldin var fyrir nemendur og starfsmenn á mikilvægi öryggismála í rafiðnaði þar sem m.a. hugmyndafræðin á bak við Læsa, Merkja, Prófa var útskýrð. Í lok kynningarinnar var öllum nemendum og kennurum í rafiðngreinum skólans afhentir lásar og hefur notkun þeirra verið innleidd í kennsluna.

VINNUSTAÐAGREINING

Vinnustaðagreining var framkvæmd á árinu og niðurstöður hennar birtar öllum starfsmönnum skólans. Svarhlutfall var gott eða 86% og niðurstöður um margt góðar þar á meðal **mældist starfsánægja 4.2 af 5**. Niðurstöður greiningarinnar hafa verið rýndar og hafin markviss úrbótavinna með þá þætti könnunarinnar sem mældust undir væntingum, þar á meðal einelti. Skólinn hefur það að stefnu að framkvæma vinnustaðagreiningu meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal nemenda að lágmarki á tveggja ára fresti.

KENNSLUMAT

Skólinn mælir á hverri önn mat nemenda á kennslu og námi með því að leggja fyrir nemendur spurningar er varða nám og kennslu annarinnar. Einkunnir frá einum upp í fimm eru gefnar fyrir hvert svar og er það markmið skólans að einkunnir fari ekki niður fyrir 4.0. Niðurstöður matsins eru af stjórnendum og kennurum nýttar sem vegvísir í kennsluskipulagi. Niðurstöður eru birtar á vefsíðu skólans.

STJÓRN SKÓLANS OG STJÓRNENDUR

EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélag hans í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:

STJÓRN		
Guðmundur Kristjánsson	SFS	Stjórnarformaður
Bolli Árnason	SI	Varaformaður
Hrefna Karlsdóttir	SFS	Meðstjórnandi
Agnes Ósk Guðjónsdóttir	SI	Meðstjórnandi
Páll Erland	Samorka / Iðnaðarmannafélagið	Meðstjórnandi

VARAMENN Í STJÓRN	
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	SI
Magnús Þór Ásmundsson	SI
Friðrik Friðriksson	SFS
Heiðrún Lind Marteinsdóttir	SFS
Hjörtur Guðnasson	Samorka / Iðnaðarmannafélagið

RÁÐGJAFARÁÐ	
Guðmundur Ragnarsson	
Hallgrímur Gunnar Magnússon	Byggið

STJÓRNENDUR

STJÓRNENDUR SEM SKIPA REKSTRARRÁÐ	
Hildur Ingvarsdóttir	Skólameistari
Guðrún Randalín Lárusdóttir	Aðstoðarskólameistari
Björg Jónsdóttir	Rekstrar- og fjármálastjóri

AÐRIR STJÓRNENDUR	
Gunnar Sigurðsson	Deildarstjóri fasteigna
Gunnhild Hatlemark Öyahals	Gæða- og skjalastjóri
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir	Deildarstjóri upplýsingamiðstöðvar
Ólafur Sveinn Jóhannesson	Deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar
Ómar Aage Tryggvason	Deildarstjóri tölvu- og tæknideildar

SKÓLASTJÓRAR	
Gunnar Kjartansson	Skólastjóri Byggingartækniskólans
Kolbrún Kolbeinsdóttir	Skólastjóri Tæknimenntaskólans
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	Skólastjóri Upplýsingatækniskólans
Ragnheiður Bjarnadóttir	Skólastjóri Handverksskólans
Ragnhildur Guðjónsdóttir	Skólastjóri Endurmenntunarskólans og Tækniakademíunnar
Valdemar G. Valdemarsson	Skólastjóri Raftækniskólans
Vilbergur Magni Óskarsson	Skólastjóri Skipstjórnarskólans og Vélækniskólans



HÚSNÆÐISMÁL

Á árinu 2017 ákvað stjórn Tækniskólans að hefja athugun á því hvort mögulegt væri að koma allri starfsemi Tækniskólans undir eitt þak í nýrri skólabyggingu.

Sett var á stofn Byggingarnefnd en í henni eru Guðmundur Kristjánsson formaður, Hildur Ingvarsdóttir skólameistari og Jón B. Stefánsson sem jafnframt er verkefnastjóri verkefnisins.

Sett voru fram eftirfarandi markmið vegna mögulegrar nýbyggingar húsnæðis fyrir Tækniskólann.

Byggt verði eitt hús sem hýsir alla starfsemi Tækniskólans

- Staðsett á stór Reykjavíkursvæðinu
- Vel tengt við umferðarkerfið
- Sem næst miðju svæðisins

Skólastræti – hugmyndafræði nýbyggingar

- Áhersla á aðlaðandi og mannvænt umhverfi
- Einstaka skólar staðsetti umhverfis yfirbyggða göngugötu sem myndar slagæð skólans (hjartað)
- Byggingar aðlagðar að starfsemi einstakra skóla
- Sveigjanlegt byggingarform
- Möguleiki á að skólar eða önnur starfsemi ótengd Tækniskólanum verði staðsett við Skólastrætið
- Skólinn verði hluti nærsamfélagsins

Verkfræðistofa EFLA var ráðin til þess skoða staðarval, fjármál, félags- og framkvæmdaform á grunni þarfagreininga sem stofan hafði áður unnið. EFLA réð KPMG með sér til verkefnisins.

Unnið hefur verið að undirbúningi mögulegrar nýbyggingar á árinu 2018 í samvinnu við EFLU og hafa farið fram viðræður við sveitarfélög á Reykjavíkursvæðinu varðandi staðarval. Í undirbúningi er að kynna málið heilstætt fyrir stjórnvöldum á árinu 2019.

Stjórn Tækniskólans ásamt stjórnendum hafa skoðað nýlegar skólabyggingar erlendis og hefur hugmyndafræði mögulegrar nýbyggingar Tækniskólans verið að mótast. Stjórn skólans er einhuga um að keyra verkefnið áfram og að nýtt framtíðarskólahús fyrir Tækniskólann rísi á einum stað.



SKÓLAR TÆKNISKÓLANS

Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, er skipt upp í undirskóla, sem allir hafa sitt sérsvið. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann. Nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefnis, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða auk kennara fagstjóra, verkefnisstjóra eða aðra starfsmenn eftir eðli og umfangi skólans. Þeir taka einnig virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði skólans.

Flugskóli Íslands, sem var einn af undirskólum Tækniskólans og annaðist allt nám tengt flugi sem fram fór í Tækniskólanum var seldur 1. júní 2018. Flugvirkjun, sem Tækniskólinn hefur boðið upp á um árabil, varð þó eftir í Tækniskólanum og heyrir nú undir Véltækniskólann

KJARNASKÓLI

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samviskusemi. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Véltækniskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefni hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir námið.

TENGLS VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í



skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsóknna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast.

Stórar gjafir hafa verið færðar skólunum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Gjafir sem koma sér vel í kennslu og styðja við námið og auka tengsl við nýjustu tækni og þróun í faggreininum.

NÁMIÐ

Námið í skólanum er fjölbreytt á sviðum iðn-, hönnunar- og verknáms en bóklegar og almennar greinar eru hluti alls náms við skólann. Áhersla allra náttúrufræðibrauta er stærðfræði og raungreinar. Velja þarf sérvið eða tækni á öðru eða þriðja námsári til að ljúka stúdentsprófi í þeirri tæknigrein sem er í boði er á hverjum tíma. Öllum námsleiðum skólans er mögulegt að ljúka með viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Skólinn hefur verið að þróa verkefnastýrt nám og er ljóst að safnast hefur upp mikil reynsla á síðustu árum


sem hægt er að vinna úr og nýta við framtíðarplönin. K2 námsleiðin er dæmi um verkefni sem þróað hefur verið til að mæta framtíðarnemandanum þar sem blandað er nýjum kennsluháttum og öðruvísi aðstöðu með auknu sjálfstæði og vinnu nemenda til þess gert að ögra nemandanum við nám og verkefnalausnir. Áhersla er lögð á að skólinn geti mætt öllum nemendum þar sem þeir eru staddir, hver nemandi geti unnið á sínum hraða og markmiðið er að námið verði áhugaverðara, meira fræðandi og gefandi en hefðbundin nálgun í bóknámi býður upp á.

NÁMSKEIÐ

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er m.a. að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf.



TÆKNISKÓLINN



- Húsasmiði
- Húsgagnasmiði
- Pípulagningar
- Málaraiðn
- Múraraiðn
- Veggfóðrun- og dúklagning
- Tækniteiknun



- Rafvirkjun
- Rafeindavirkjun
- Rafvélavirkjun
- Kvikmyndatækni
- Hljóðtækni



- Fatatækni
- Kjólasaumur
- Klæðaskurður
- Gull- & silfursmið
- Hársnyrtiðn




- Sameiginlegar greinar fyrir alla skóla
- Hönnunar- & nýsköpunarbraut
- Náttúrufræðiþraut
- Starfsbraut
- Nýbúabraut



- Grafísk miðlun
- Ljósmyndun
- Prentun
- Bókband
- Tölvubraut
- Upplýsinga- og fjölmiðlabraut
- K2



- Rennismiði
- Stálsmiði
- Vélvirkjun
- Vélstjórn
- Skipstjórn
- Flugvirkjun



- Vefskólinn
- Margmiðlunarskólinn
- Endurmenntunarskólinn
- Meistaraskólinn

BRAUTSKRÁNING

Að venju voru tvær brautskráningar árið 2018. Á vorönn útskrifuðust 366 nemendur með 388 brautskráningar en oftast þegar nemendur útskrifast af tveimur brautum er um að ræða próf í iðngrein auk stúdentsprófs. Á haustönn útskrifuðust 250 nemendur með 266 brautskráningar.

Fjölmörg verðlaun og viðurkenningar voru veittar nemendum sem á einhvern hátt þóttu skara framúr í námi og leik. Fyrir utan viðurkenningar sem veittar voru til dúxa og semidúxa skólans voru viðurkenningar veittar af fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum, s.s. Menntaverðlaun Háskóla Íslands, Raungreinaverðlaun Háskólans í Reykjavík, Samtökum iðnaðarins, Lýðheilsustofnun, Rafiðnaðarsambandinu og fleiri sem verður of langt mál að telja upp hér.

Dúx Tækniskólans á vorönn 2018 var Erla Þórðardóttir en hún útskrifast frá Byggingatækniskólanum úr tækniteiknun. Semidúx skólans vorönn 2018 var Björk Marie Villacorta sem útskrifaðist frá Upplýsingatækniskólanum úr grafískri miðlun.

Dúx Tækniskólans á haustönn 2018 var Örn Viljar Kjartansson en hann útskrifaðist frá Byggingatækniskólanum af pípulagningabraut. Semidúx skólans haustönn 2018 var Ágúst Örn Jónsson en hann útskrifaðist einnig frá Byggingatækniskólanum af pípulagningabraut.



Dúx Örn Viljar Kjartansson og semidúx Ágúst Örn Jónsson



Jón B. Stefánsson fráfarandi skólameistari, Björk Marie Villacorta semídúx skólans, Erla Þórðardóttir dúx skólans og Guðrún Randalín Lárusdóttir aðstoðarskólameistari við útskrift í maí.



Frá vinstri: Guðrún Randalín Lárusdóttir aðstoðarskólameistari, Dýrleif Birna Sveinsdóttir stúdent og handhafi raungreinaverðlauna HR, Elisabet Rut Haraldsdóttir sem útskrifaðist af hársnyrtibraut og fékk önnur af tveimur bjartsýnisverðlaunum skólans, Ásrún Stefánsdóttir sem hlaut viðurkenningu fyrir félags- og kynningarstörf í þágu skólans og iðngreina, Örn Viljar Kjartansson dúx, Ágúst Örn Jónsson semídúx, Salómon Ernir B. Kjartansson annar verðlanahafi bjartsýnisverðlauna skólans og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari.

ÞJÓNUSTA

NÁMSRÁÐGJÖF

Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi. Ráðgjöfin snertir fjölmörg svið skóla- starfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri og tekur ráðgjöfin mið af því. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvarar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra.

Nýnemar

Náms- og starfsráðgjafar liðsinna nýnemum á marg- vislegan hátt, m.a. með viðtölum við nemendur og foreldra með það að markmiði að styðja sérstaklega við nýnema sem eru að hefja sín fyrstu skref í framhalds- skóla. Á haustönn 2018 var nýr áfangi settur í töflu hjá nýnemum sem komu beint úr grunnskóla svokallaðir **HVAÐ** tímar. Umsjónarkennarar nemendanna sáu um þessa hópa allan veturinn, héldu sérstaklega utan um nemendur og fylgdu þeim eftir. Námsráðgjafar voru í góðu samstarfi við viðkomandi umsjónarkennara, aðstoðuðu meðal annars við annarval, fræðslu um markmiðasetningu og áhugakönnun.

Foreldrasamstarf

Náms- og starfsráðgjafar leggja mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn. Lögð er áhersla á að bjóða foreldrum til viðtals og/eða hafa samband í tölvupósti eða síma. Á hverri önn taka taka náms- og starfsráðgjafar þátt í kynningarkvöldum fyrir forráðamenn nýnema og fundum með forráðamönnum nemenda af erlendum uppruna.

Kynningarfundir og fræðsla

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í fjölda kynninga innan sem utan skólans á starfsárinu. Má þar nefna framhaldsskólakynningar fyrir 10. bekinga grunnskólanna og forráðamenn þeirra, kynningar fyrir ýmsa smærri hópa s.s. þátttakendur í endur- hæfingarúræðnum Janus, Grettistaki og Hring sjá,

kynningarfundum fyrir foreldra og kynntu starf sitt í umsjónarhópum nýnema. Þá tóku ráðgjafar þátt í sýningunni Verk og vit, opnu húsi Tækniskólans og Skrufudeginum, tóku á móti hópi nemenda á námsbraut náms- og starfsráðgjafar við Háskóla Íslands líkt og undanfarin ár og kynntu þeim skólann. Haustið 2018 tóku ráðgjafar á móti tveimur nemendum í kynningu og starfsþjálfun í eina viku.

Að lokum má nefna að náms- og starfsráðgjafar taka ár hvert talsvert á móti erlendum gestum og 2018 komu gestir frá Eistlandi, Slóveníu og Danmörku svo dæmi séu tekin.

Náms- og starfsráðgjafar standa reglulega fyrir fjölbreyttri fræðslu og var 2018 engin undantekning, má nefna fræðslu um brotthvarf nemenda sem ætlað var stjórnendum og kennurum. Kvennemendum í svokölluðum karlægum greinum var boðið til viðtals um námið, starfið og hvernig það er að vera kona í greininni. Í lífsleiknitímum kynntu Náms- og starfsráðgjafar starf sitt og hlutverk og fræddu nemendur m.a. um núvitund, markmiðasetningu og kenndu djúpslökun.

Nefndastörf

Ráðgjafar sitja í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. heilsunefnd, jafnréttisnefnd, áfallateymi, í teymi um einelti og kynferðislega áreitni og í fagteymi á K2. Á árinu var farið í gagngera endurskoðun á viðbragðsáætlun vegna eineltis- og kynferðislegrar áreitni og kom náms- og starfsráðgjafi að þeirri vinnu ásamt sálfræðingi skólans og stjórnendum.

#MeToo

#MeToo byltingin setti sterkan svip á skólastarfið líkt og annars staðar í samfélaginu. Á árinu komu upp mál innan veggja skólans sem snéru að kynferðislegri áreitni og ofbeldi og komu náms- og starfsráðgjafar að þeim er vörðuðu nemendur í samstarfi við stjórnendur skólans, geðhjúkrunarfræðing, sálfræðing, kennara og fagaðila utan skólans.

SÁLFRÆÐIRÁÐGJÖF

Sálfræðingur var ráðinn til starfa hjá Tækniskólanum haustið 2018. Megin tilgangur ráðningarinnar var að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti boðið upp á námskeið og fræðslu, og að starfsfólk skólans gæti leitað eftir sálfræðiþjónustu ef svigrúm skapaðist til.

Sálfræðingur kynnti þjónustuna fyrir nýnemum skólans með því að heimsækja alla HVÆÐ hópana svo og fyrir öðrum nemendum með m.a. fyrirlestur á Heilsudögum skólans um núvitund og hugræna atferlismeðferð. Einnig var nemendum boðið að sækja fyrirlestur um kvíða, sem haldinn var í öllum helstu húsum skólans. Einnig voru allir hópar nýbúabrautar heimsóttir þar sem sálfræðiþjónustan var kynnt. Sálfræðingur fór auk þess í fjölda heimsókna í kennslustundir, oftast í lífsleiknitíma, en einnig aðra tíma. Umræðuefni hverju sinni var ákveðið í samráði við hvern og einn kennara. Sálfræðiþjónustan er í boði í þremur húsum Tækniskólans, á Skólavörðuholti, við Háteigsveg, og í Hafnarfirði. Boðið er upp á tímapantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tímasetningu sem passar við stundartöflu

þeirra. Nemendur byrjuðu strax í ágúst að nýta sér þjónustuna og gerðu það í auknum mæli jafnt og þétt fram eftir hausti og er almenn ánægja meðal nemenda með þjónustuna.

Sálfræðingur situr í stýrihópi um heilsueflandi framhaldsskóla og í eineltisráði skólans og starfar náið með náms- og starfsráðgjöfum skólans.

FORVARNARFULLTRÚI

Við skólann starfar forvarnarfulltrúi sem vinnur með nemendum að skipulagi vímulauss félagslífs. Er til viðræðu við nemendur sem hafa áhyggjur af eigin vímuefnaneyslu, neyslu vína sinna eða vandamanna. Forvarnafulltrúi stendur fyrir fræðsluerindum og námskeiðum fyrir nemendur og starfsmenn skólans, er kennurum og öðru starfsfólki skólans til ráðgjafar ásamt því að aðstoða þá sem eiga í vandræðum vegna notkunar áfengis eða annarra vímugjafa.

FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann. Hlutverk hans er að vinna markvisst því að efla félagslíf innan skólans og aðstoða Nemendasamband og skólafélögin við skipulagningu og framkvæmd viðburða.



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöð Tækniskólans er á fjórum stöðum, á Skólavörðuholti (bókasafn og skrifstofa), á Háteigsvegi og í Hafnarfirði.

Meginhlutverk Upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Á skrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenningi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum. Á haustönn var tekið á móti 11 hópum nemenda í lífsleikni, þar af tveimur í Hafnarfirði og níu á Skólavörðuholti auk þess sem haldnir voru fyrirlestrar um upplýsingaöflun og heimildanotkun fyrir nemendur á K2 og fyrir tvo hópa íslensku. Á vorönn var tekið á móti þremur hópum nemenda í lífsleikni á Skólavörðuholti og einum í Hafnarfirði auk þess sem haldnir voru fyrirlestrar um heimildanotkun og ritgerðarsmið í Margmiðlunarskólanum og fyrir þrjá hópa í íslensku.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Starfsfólk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hefur umsjón með grunnskólavali, þ.e. að skrá og halda utanum nemendur í 10. bekk grunnskóla sem velja sér áfanga í Tækniskólanum. Starfsfólk sér einnig um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Starf alþjóðafulltrúa fellur einnig undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

Tölulegar upplýsingar:

Skráðir titlar í bókasafnskerfið Gegni: 29.152, þar ef eru 23.443 eintök bóka. Heildarútlán: 5.343. Heildarfjöldi lánþega: 729, þ.a. eru 636 nemendur, sem þýðir að um þriðjungur nemenda skólans hefur fengið bók, tímarit eða kannski reiknivél að láni á bókasafni skólans. Mun fleiri nemendur notfæra sér þjónusu bókasafns en útlánatölur gefa til kynna, þar er góð aðstaða til hópvinnu og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“.

ALÞJÓÐAMÁL

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópu-sambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn úthlutað 327.974 evrum til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Þetta er hæsta styrkúthlutun sem Tækniskólinn hefur fengið frá Erasmus+ til þessa.

Á árinu fóru 55 nemendur í hálfsmánaðar námsferðir með kennurum. Flestir hóparnir fóru til Danmerkur en einnig var farið til Bretlands og Hollands. Sex nemendur tóku hluta af starfsnámi sínu erlendis, frá þremur og upp í sex mánuði. Þeir nemendur sem fóru utan í starfsnám voru flestir í Bretlandi en einnig í Hollandi og Danmörku. Þeir stunda nám á ýmsum sviðum í Tækniskólanum, s.s. í fataiðn, rafvirkjun og húsgagnasmíði.

Sex nemendur til viðbótar nýttu styrkinn til að fara á þriggja til fjögurra vikna námskeið, m.a. á Ítalíu og í Belgíu.

Níu starfsmenn nýttu sér styrkina til að heimsækja skóla og fyrirtæki í Evrópu. Tilgangur ferðanna var að kynna nýjungum í starfsmenntun og koma á samstarfi með væntanlegar nemendaheimsóknir í huga.

Skólinn tók í einnig þátt í samstarfsverkefnum með öðrum skólum í Evrópu, m.a. verkefni sem ætlað er að efla tengsl ungmenna í Evrópu og verkefni á sviði grænnar hársnyrtingar, en ofnæmi og óþol fyrir kemískum efnum er vaxandi vandamál innan stéttarinnar.



FÉLAGSLÍF NEMENDA

FÉLAGSLÍFIÐ

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og áhersla er lögð á að markvisst sé unnið að því að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra. Í hverjum undirskóla eru starfrækt félög sem standa fyrir margvíslegum viðburðum ætluðum nemendum undirskólanna en heildarsamtök félaganna Nemendasambandið (NST) heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem opnir eru öllum nemendum skólans.

Síðustu tvö ár hefur markvisst verið unnið að því að efla félagslíf skólans. Hefur sú vinna skilað góðum árangri sem hefur sýnt sig m.a. í aukningu á fjölda viðburða, þátttöku nemenda og aukinni virkni skólafélaganna.

FYRIRKOMULAG OG FÉLÖG

Nemendasamband Tækniskólans heldur utan um framkvæmd stærri viðburða í félagslífi skólans. Auk NST eru 10 virk skólafélög:

- Skólafélag Tæknimenntaskólans (NTM)
- Skólafélag Skipstjónarskólans (Nemendafélag Stýrimannaskólans)
- Skólafélag Upplýsingatækniskólans (Eniac)
- Skólafélag Handverksskólans
- Skólafélag Margmiðlunarskólans
- Skólafélag Vefskólans
- Skólafélag Veltækniskólans (Skólafélag Vélskólans í Reykjavík)
- Skólafélag Raftækniskólans (Stuðfélagið Spennandi)
- Skólafélag Málaranema
- Skólafélag hljóð- og myndtækninema

STJÓRN NEMENDASAMBANDSINS

Á árinu voru í fyrsta skipið haldnar kosningar til Miðstjórnar Nemendasambandsins. Níu nemendur buðu sig fram í þau 3 embætti sem í boði voru. Ólafur Hrafn Halldórsson var kosinn formaður, Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir varaformaður og Oddur Þór Unnsteinson ritari. Berglind Marý Egilsdóttir var kjörin af nýnemum sem fulltrúi þeirra og kaus nemendaráð skólans í Hafnarfirði Nökkva Mát Haraldsson sem sinn fulltrúa í miðstjórninni

Auk miðstjórnar er fjöldinn allur af nefndum innan NST. Starfandi nefndir á árinu voru:

- Markaðsnefnd
- Skemmtinefnd
- Gettu betur nefnd
- Mörfis nefnd
- Videonefnd
- Jafnréttisnefnd
- Tækninefnd



VIÐBURÐIR Á ÁRINU

Margir skemmtilegir viðburðir voru haldnir á vegum NST og skólafélaga undirskólanna á árinu. Helst ber að nefna árshátíðarballið sem haldið var í febrúar í samvinnu við Nemendafélag Fjölbrautarskólans í Breiðholti og nýnemaballið sem haldið í september í samvinnu við nemendafélög Borgarholtsskóla, Fjölbrautarskólans í Ármúla, Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Menntaskóla Borgarfjarðar. Uppselt var á nýnemaballið og skemmtu 800 ungmenni sér konunglega í Reiðhöllinni í Víðidal þar sem ballið var haldið. Tækniskólinn tók þátt í Morfís og komst liðið í 8 liða úrslit en varð að játa sig sigræð gegn liði Verzlunarskóla Íslands sem stóð uppi sem sigurvegari keppinnar. Átti skólinn einnig fulltrúa í Söngkeppni Framhaldsskólanna, keppti í Gettu betur þar sem liðið féll út í 16-liða úrslitum gegn sitjandi meisturum Kvennaskólans. Nemendasambandið skipulagði nýnemaferð í september til Stokkseyrar þar sem gíst var eina nótt. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg og þátttakan góð.

FJÖLBREYTTAR SKEMMTANIR

Eniac, skólafélag Upplýsingatækniskólans, stóð fyrir klúbbakvöldum tvisvar sinnum í mánuði í vetur. Þar gafst nemendum tækifæri til að hittast, kynnast og sinna

sameiginlegum áhugamálum sínum. Flest skólafélögin héldu árshátíðir fyrir nemendur sinna undirskóla og var gríðarlega vel mætt á þær. Bíókvöld á vegum NTM voru haldin tvisvar í mánuði á árinu. Fóru þau hægt af stað en hafa náð miklum vinsældum og eru orðin mikilvægur þáttur í félagslífi skólans. NST stóð einnig fyrir skákmóti í lok árs í samvinnu við Skáksamband Íslands og fór þátttakan á mótinu fram úr björtustu vonum. Í lokin stóð Phatsakorn Lomain, nemandi á náttúrufræðibraut/tölvutækni uppi sem sigurvegari, í öðru sæti var Aron Máni Nindel Haraldsson, nemandi í rafvirkjun og í þriðja sæti Baldur Máni Björnsson, nemandi í grunndeild rafiðna. Síðast en ekki síst ber að nefna fjöldann allan af viðburðum og skemmtunum sem Skólafélag Vélskólans og Nemendafélag Stýrimannaskólans héldu ýmist í sameiningu eða út af fyrir sig.

ÁTAK Í AÐ EFLA FÉLAGSLÍFIÐ

Virgni skólafélaganna hafa í gegn um tíðina verið mjög misjöfn en með skipulögðu átaki félagsmála-fulltrúa skólans, Þorvalds Guðjónssonar, og Nemendasambandsins hefur starfsemi og þátttaka í félagslífnu innan skólans elfst til muna og er án efa mikilvægur liður í að gera Tækniskólann að enn eftirsóknarverðari vettvangi til framhaldsskólanáms.



MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Árið 2018 var mikið um glæsilega viðburði og keppnir sem nemendur Tækniskólans tóku virkan þátt í. Ber þar helst að nefna stórsýninguna Verk og vit, sem fram fór í Laugardalshöll, þar sem Tækniskólinn fékk tækifæri til að bjóða grunnskólanemendum á sýninguna og standa fyrir kynningu á skólanum um leið. Nemendur á hönnunar- og nýsköpunarbraut sáu um að hanna sýningarsvæðið sem var svo sett saman af nemendum Byggingatækniskólans og Véltækniskólans.

Utmessan er fastur liður í kynningarstarfi Tækniskólans ár hvert, nemendur í Upplýsingatækniskólanum, Vefskólanum, Margmiðlunarskólanum og Raftækniskólanum koma að kynningu á námi sínu og taka á móti forvitnum gestum í Hörpu. Viðburðurinn er haldinn ár hvert, fyrstu helgina í febrúar, af SKÝ (skýrslutæknifélagi Íslands).

Opið hús hjá Tækniskólanum er oftast haldið í apríl, en þá er almenningi boðið að koma og skoða aðstæður á Skólavörðuholti og í Hafnarfirði, árið 2018 var engin undantekning og var metfjöldi sem kom í heimsókn u.þ.b. 400 manns. Það má segja að Skrufudaugrinn sé hið „opna hús“ hjá nemendum á Háteigsvegi, en sá viðburður hefur fest sig í sessi hjá nemendum í skipstjórn og vélstjórn.



Margir nemendur skólans stóðu sig vel í margskonar keppnum á sviði iðngreina, nýsköpunar og viðskipta sem voru háðar á árinu 2018. Hér að neðan eru helstu afrek listuð:

- Tækniskólinn átti yngsta liðið í Gettu betur frá upphafi og komst það í 16 liða úrslit í vor.
- Ræðulið Tækniskólans komst í 8 liða úrslit í Morfís.
- Lið skipað nemendum Tækniskólans náði 2. sæti á heimsmeistaramótinu í vélmennaforritun í Mexíkó síðla sumars en þar hófu 192 lið keppni.
- Núverandi og fyrrverandi nemendur náðu 2. sæti í Gulleggjnu nú í haust en þeir þróuðu snjallforritið Greiði.
- Lið skipað Úlfari Harra Elíassyni kennara og núverandi og fyrrverandi nemendum Tækniskólans vann verkkeppni Viðskiptaráðs undir yfirskriftinni Hvernig lærir fólk framtíðarinnar?
- Á hundrað ára afmæli fullveldis Íslands tóku 4 nemar sem koma úr vélstjórn, rafveindavirkjun, af hönnunar- og nýsköpunarbraut og nýútskrifaður nemi úr Margmiðlunarskólanum við 1. verðlaunum í nýsköpunarkeppninni Menntamaskínu en þeir þróuðu Zetuna – loftdýnu í hjólastóla til að stuðla að auknu blóðflæði og minnka líkur á legusárum. Sú hugmynd verður nú þróuð áfram m.a. með aðstoð Nýsköpunarmiðstöðvar.
- Þrír nýlega útskrifaðir nemendur og fagmenn kepptu á Euroskills sem er Evrópumeistaramót í iðngreinum nú í haust. Þeir kepptu í rafeindavirkjun, málmsuðu og grafískri miðlun. Rafeindavirkinn Ásbjörn Eðvaldsson braut blað í sögu Íslands með því að verða fyrsti Íslendingurinn til að komast á pall á Euroskills og prentarinn Haraldur Örn Arnarson náði 6. sæti sem er næst besti árangur í sögu Íslendinga á mótinu.
- Tækniskólinn átti keppanda á Norðurlandamóti málaranema sem stóð sig vel.

Auk ofantaldra viðburða og kynninga sem Tækniskólinn var hluti af árið 2018 eru fjölmargar heimsóknir sem skólinn fékk frá grunnskólanemendum af öllu landinu. Alls komu 28 grunnskólar í heimsókn og heimsóttu fulltrúar Tækniskólans 8 skóla úti á landi.



STARFSMENN

STARFSMENN

Í loks ársins 2018 störfuðu hjá Tækniskólanum 243 starfsmenn. Þar af voru 15 stjórnendur, 5 í teymi námsráðgjafa og sálfræðings, 180 kennarar, þroskaþjálfarar og aðstoðarfólk þeirra og 43 aðrir starfsmenn.

Jón B. Stefánsson lét af stöfum eftir 15 ár sem skólameistari. Jón B tók við sem skólameistari Stýri-mannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands 2003 sem síðan voru sameinaðir í Fjöltækniskóla Íslands og svo árið 2008 sem skólameistari Tækniskólans ásamt Baldri Gíslasyni þegar Tækniskólinn varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans. Hildur Ingvarsdóttir verkfræðingur tók við af Jóni B. 1. júní 2018 sem fyrsta konan í sögu skólans sem gegnir starfi skólameistara. Hildur starfaði áður sem forstöðumaður hjá Veitum. Þar tók hún m.a. ríkan þátt í að efla vinnustaðanám fyrirtækisins auk þess að vinna ötulllega að því að efla áhuga unglinga á iðn- og tæknigreinum.

Nýr aðstoðarskólameistari, Guðrún Randalín Lárusdóttir, tók á vormánuðum við af Þóri Pálssyni sem lét af störfum. Guðrún, sem er tölvunarfræðingur, gengdi stöðu skólastjóra Upplýsingatækniskóla Tækniskólans frá árinu 2015 og kenndi þar áður um árabíl.

Kristín Þóra Kristjánsdóttir tók við starfi Guðrúnar sem skólastjóri Upplýsingartækniskólans. Kristín Þóra er ljósmyndameistari og hefur kennt ljósmyndun við Upplýsingatækniskólann frá 2012. Auk náms í iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun nam hún tölvunarfræði með áherslu á tölvugrafík og hefur réttindi sem framhaldsskólakennari. Vilbergur Magni Óskarsson var ráðinn í stöðu skólastjóra Skipstjórnar- og Véltækniskólanna í stað Jóns Hjalta Ásmundssonar sem ráðinn var til annarra sérfræðistarfa fyrir skólann. Benedikt Bragi Sigurðsson var ráðinn í nýja stöðu sálfræðings við skólann á hausmánuðum 2018.

STARFSMANNAFÉLAG

Starfsmannafélag skólans stóð fyrir árlegri árshátíð þar sem undir stjórn Handverksskólans var þema kvöldsins öryggismál sem var vel við hæfi þar sem öryggismál voru ofarlega á baugi í skólastarfinu á árinu. Einnig var jólahlaðborðið á sínum stað. Vel var mætt á báða viðburði og mál manna að einstaklega vel hafi til tekist.

Á vegum starfsmannafélagsins var einnig haldinn fjölskyldudagur í framtíðarstofunni þar sem áhugasamir ungir og aldnir fengu að reyna sig við tæki og tól framtíðarstofunnar og fékk sköpunargleðin svo sannarlega að njóta sín.





TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR



Nemendafjöldi í hefðbundnum dagskóla án Tækniakademíu og flugvirkjunar.

BRAUT NEMENDA		2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V
Byggingartækniskólinn	Almenn námsbraut Byggingartækniskólans	4	4	10	11	11	5
	Grunnnám tréiðna	11	17	18	12	7	2
	Húsasmíði	85	82	95	106	116	90
	Húsgagnasmíði	53	48	45	41	50	42
	Málaraiðn	24	25	25	22	13	21
	Múriðn	13	27	24	31	34	32
	Pípulagnabraut	69	42	59	57	71	72
	Tækniteiknun	51	48	37	31	42	32
	Veggfóðrun og dúklagnir	2	1	2			
Samtals		312	294	315	311	344	296
Handverksskólinn	Almenn námsbraut Handverksskólans	6	11	14	7	10	6
	Fataiðn	6	14	24	29	24	16
	Fatatekni	59	61	30	30	33	20
	Gull- og silfursmíði	19	18	15	21	17	19
	Hársnyrtibraut	113	90	101	82	98	79
	Skósmíði	1				1	2
Samtals		204	194	184	169	183	142
Hönnunarbraut	Almenn námsbraut Hönnunarbrautar	5	3				
	Hönnunarbraut	64	52	37	28	15	6
	Hönnunarbraut hraðferð	94	76	20	8	1	
	Hönnunar og nýsköpunarbraut hraðferð			25	22	21	10
	Hönnunar og nýsköpunarbraut			21	28	41	42
Samtals		163	131	103	86	78	58
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans	8	6	5	8	12	5
	Grunnnám rafiðna	133	122	141	127	124	124
	Grunnnám rafiðna hraðferð	15	24	14	23	30	7
	Rafeindaverikjun	41	22	44	32	24	15
	Rafvirkjun	62	50	54	34	48	66
Samtals		259	224	258	224	238	217
Skipstjórnarskólinn	Skipstjórn	93	76	67	59	71	93
Samtals		93	76	67	59	71	93
Tæknimentaskólinn	Almenn námsbraut nýbúa	81	82	66	62	68	63
	Janus endurhæfing	23	25	19	21	14	9
	Náttúrufræðibraut	10	10	10	6	5	10
	Náttúrufræðibraut - flugtækni	18	18	16	14	24	21
	Náttúrufræðibraut - raftækni	13	13	11	12	11	6
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni	14	12	12	7	11	11
	Starfsnám	47	47	67	59	63	55
	Náttúrufræðibraut tölvutækni		1				
	Náttúrufræðibraut flugtækni			2	2	2	
	Stúdentspróf af fagbraut	29	21	16	14	18	20
	Almenn námsbraut	33	22	3		15	10
	Samtals		268	251	222	197	231
Upplýsingatækniskólinn	Almenn námsbraut Upplýsingatækniskólans	28	21	41	33	36	21
	Ljósmyndun	15	13	9	8	13	19
	Prentun	4	1	1	1	3	1
	Tölvubraut	318	296	320	262	251	220
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	84	92	97	85	80	63
	Bókband	1	3			2	4
	K2			26	25	49	40
	Grafísk miðlun	38	26	37	25	32	30
Samtals		488	452	531	439	466	396
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut Véltækniskólans	2	1	4	1		
	Grunnnám málmíðna			30	31	19	11
	Grunnnám biliðna	16	12	1			
	Málmíðngreinar, fyrri hluti	28	28	4			
	Rennismíði	8	8	8	11	12	13
	Stálsmiðabraut	7	5	9	7	10	11
	Vélstjórn	190	177	174	169	158	154
Samtals		251	231	230	219	199	186
HEILD SAMTALS		2038	1852	1910	1704	1810	1598

ALDURSDREIFING

Aldursdreifing í dagskóla. Fjöldi nemenda 18 ára, 19 ára og eldri

	ALDUR	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	18 >	64	38	86	60	94	63	97
	19 <	248	256	229	251	250	233	264
Handverksskólinn	18 >	46	27	37	18	29	17	27
	19 <	158	167	147	151	154	125	120
Hönnunarbraut	18 >	42	24	34	21	32	25	34
	19 <	121	107	69	65	46	33	38
Raftækniskólinn	18 >	82	47	88	53	73	47	89
	19 <	177	177	170	171	165	170	196
Skipstjórnarskólinn	18 >	12	4	8	5	12	6	8
	19 <	81	72	59	54	60	88	60
Tæknimenntaskólinn	18 >	130	89	123	88	143	107	145
	19 <	138	162	99	109	88	98	60
Upplýsingatækniskólinn	18 >	231	147	272	192	284	200	286
	19 <	257	305	259	247	182	203	171
Véltækniskólinn	18 >	64	42	77	51	66	37	66
	19 <	205	204	173	184	153	173	147
Tækniskólinn	18 >	671	418	725	488	733	502	752
	19 <	1385	1450	1205	1232	1098	1123	1056

Hlutfall nemenda 18 ára og 19 ára og eldri

	ALDUR	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	18 >	21%	13%	27%	19%	27%	21%	27%
	19 <	79%	87%	73%	81%	73%	79%	73%
Handverksskólinn	18 >	23%	14%	20%	11%	16%	12%	18%
	19 <	77%	86%	80%	89%	84%	88%	82%
Hönnunarbraut	18 >	26%	18%	33%	24%	41%	43%	47%
	19 <	74%	82%	67%	76%	59%	57%	53%
Raftækniskólinn	18 >	32%	21%	34%	24%	31%	22%	31%
	19 <	68%	79%	66%	76%	69%	78%	69%
Skipstjórnarskólinn	18 >	13%	5%	12%	8%	17%	6%	12%
	19 <	87%	95%	88%	92%	83%	94%	88%
Tæknimenntaskólinn	18 >	49%	35%	55%	45%	62%	52%	71%
	19 <	51%	65%	45%	55%	38%	48%	29%
Upplýsingatækniskólinn	18 >	47%	33%	51%	44%	61%	50%	63%
	19 <	53%	67%	49%	56%	39%	50%	37%
Véltækniskólinn	18 >	24%	17%	31%	22%	30%	18%	31%
	19 <	76%	83%	69%	78%	70%	82%	69%
Tækniskólinn	18 >	33%	22%	38%	28%	40%	31%	42%
	19 <	67%	78%	62%	72%	60%	69%	58%

Meðalaldur nemenda í dagskóla

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	24,77	25,1	23,8	25,5	24,0	25,2	23,9
Handverksskólinn	24,2	25,5	24,3	26,3	24,8	26,0	23,9
Hönnunarbraut	25,3	26,0	22,4	22,0	20,5	20,3	19,1
Raftækniskólinn	22,4	23,4	22,3	23,4	22,9	23,2	22,4
Skipstjórnarskólinn	25,7	26,9	25,9	27,0	24,8	28,9	27,9
Tæknimenntaskólinn	20,9	21,8	20,1	20,8	18,9	19,6	18,2
Upplýsingatækniskólinn	20,3	21,1	19,9	20,8	19,5	20,3	19,3
Véltækniskólinn	23,3	23,9	21,9	23,1	22,3	23,7	21,6
Tækniskólinn	22,7	23,5	21,9	23,1	21,8	22,9	21,5

BROTTFALL

Brottfall eininga í fagáföngum skóla

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	16,4%	11,0%	14,3%	11,9%	18,2%	11,3%	12,9%
Handverksskólinn	10,4%	11,0%	8,2%	8,8%	11,6%	11,0%	13,9%
Hönnunarbraut	21,1%	14,4%	23,2%	9,7%	10,2%	7,0%	7,2%
Raftækniskólinn	15,4%	20,4%	13,9%	19,1%	13,5%	12,8%	14,7%
Skipstjórnarskólinn	13,9%	7,4%	19,9%	12,6%	15,4%	7,1%	26,3%
Tæknimenntaskólinn	15,2%	20,9%	12,8%	14,9%	10,4%	11,6%	10,1%
Upplýsingatækniskólinn	14,0%	13,7%	9,3%	8,5%	10,6%	11,6%	10,3%
Véltækniskólinn	12,1%	6,6%	10,0%	9,3%	7,8%	10,5%	13,0%
Tækniskólinn	14,6%	14,0%	12,3%	11,9%	12,1%	11,3%	12,5%

Brottfall eininga í almennum greinum

	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	34,6%	33,9%	24,3%	24,9%	21,4%	24,7%	16,5%
Handverksskólinn	30,8%	31,6%	28,2%	36,5%	24,9%	38,4%	22,0%
Hönnunarbraut	25,2%	15,9%	22,9%	14,2%	24,6%	19,3%	11,2%
Raftækniskólinn	27,9%	25,7%	24,9%	18,9%	18,7%	16,3%	16,4%
Skipstjórnarskólinn	27,5%	23,2%	19,0%	30,0%	17,2%	13,3%	29,5%
Tæknimenntaskólinn	16,4%	21,3%	12,0%	15,3%	9,6%	10,9%	9,1%
Upplýsingatækniskólinn	21,7%	23,3%	20,2%	17,4%	14,2%	19,1%	13,5%
Véltækniskólinn	15,5%	16,1%	15,6%	15,6%	14,3%	15,7%	15,3%
Tækniskólinn	21,8%	23,1%	18,7%	18,3%	15,4%	17,4%	14,0%

Brottfall eininga í dreifnámi

	2015	2016	2017	2018
Byggingatækniskólinn	26,4%	18,1%	24,8%	17,5%
Meistaraskólinn	8,5%	7,9%	6,1%	3,7%
Raftækniskólinn	28,9%	30,3%	25,1%	20,4%
Skipstjórnarskólinn	15,7%	16,1%	22,4%	25,8%
Tæknimentaskólinn	17,6%	24,3%	14,1%	11,4%
Upplýsingatækniskólinn	23,4%	36,8%	25,2%	20,0%
Véltækniskólinn	17,2%	27,5%	10,2%	35,4%
Tækniskólinn	16,6%	17,8%	15,8%	14,4%

DREIFNÁM

Fjöldi nemenda í dreifnámi


	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	41	80	71	95	88	109	66	96
Meistaraskólinn	169	198	199	216	260	296	260	244
Raftækniskólinn	26	38	47	91	82	119	114	82
Skipstjórnarskólinn	182	154	164	159	160	163	146	143
Tæknimentaskólinn	79	39	28	41	16	86	40	20
Upplýsingatækniskólinn	60	64	42	32	100	94	34	21
Véltækniskólinn	29	28	52	36	37	47	65	56
Tækniskólinn	586	601	603	670	743	887	725	662

Meðalaldur nemenda eftir skólum í dreifnámi


	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H
Byggingatækniskólinn	36,2	35,4	35,6	35,3	33,3	34,3	35,3	31,0
Meistaraskólinn	36,4	35,8	36,7	36,6	37,5	37,1	36,7	36,6
Raftækniskólinn	33,3	30,2	31,9	32,5	32,7	30,6	32,1	34,1
Skipstjórnarskólinn	34,5	32,3	32,1	33,8	34,0	32,3	35,4	35,5
Tæknimentaskólinn	30,4	33,0	39,5	36,8	38,6	36,9	38,8	42,9
Upplýsingatækniskólinn	30,0	29,9	29,2	35,0	39,4	28,1	38,1	27,6
Véltækniskólinn	38,3	34,3	37,2	34,4	36,2	33,1	33,9	33,5
Tækniskólinn	34,3	33,6	34,6	35,0	35,9	33,8	35,5	34,9

KYNJASKIPTING


Kynjaskipting í dagskóla - Tækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Byggingatækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Handverksskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Rafrækniskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Skipstjórnarskólinn




Kynjaskipting í dagskóla - Tæknimenntaskólinn



Kynjaskipting í dagskóla - Upplýsingatækniskólinn



Kynjaskipting í dagskóla - Véltnækniskólinn



AFKOMA ÁRSINS

Heildartekjur ársins 2018 voru 4.189,9 milljónir, þar af sértækjur 638,5 milljónir. Rekstrarkostnaður nam 4.072,9 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 3.093,2 milljónum króna. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 52,6 milljónum og söluhagnaður vegna Flugskólans nam rúmum 146 milljónum króna.

Hagnaður ársins nam því rúmum 210,2 milljónum.

Launahlutfall hækkar talsvert á milli ára, úr 70.0% í 73,82% og hefur sala Flugskólans þar nokkur áhrif.

Í árslok voru eignir 958,7 milljónir króna og eigið fé 526,4 milljónir. Eiginfjárhlutfall er 54,9 %.

Rekstrarreikninnur ársins 2018

Skýringar	2018	2017
Rekstrartekjur		
Þjónustusamningur Ríkissjóðs	3.551.412.254	3.314.744.259
Aðrar tekjur og styrkir	638.478.471	935.535.178
	<u>4.189.890.725</u>	<u>4.250.279.437</u>
Rekstrargjöld		
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna	3.093.258.330	2.973.205.943
Rekstur húsnæðis	578.851.245	534.038.987
Rekstur flugvéla og flughermis	70.796.355	161.709.478
Annar rekstrarkostnaður	330.068.628	343.241.421
	<u>4.072.974.558</u>	<u>4.012.195.829</u>
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	116.916.167	238.083.608
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna 2	64.870.811	65.890.738
Afkoma fyrir fjármagnsliði	52.045.356	172.192.870
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	18.226.229	14.917.266
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður	(7.662.475)	(8.904.573)
Gengismunur	1.672.882	1.740.125
Söluhagnaður vegna Flugskóla Íslands	146.043.617	0
	<u>158.280.253</u>	<u>7.752.818</u>
Afkoma ársins	<u><u>210.325.609</u></u>	<u><u>179.945.688</u></u>